

# Fundargerð 86. stjórnarfundar

## Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

**Haldinn:** rafrænt á Teams

**Tími:** 21.08.2024 11:20

**Viðstaddir:** Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Sigrún Tómasdóttir (ST), Hrund Ólöf Andradóttir (HÓA), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS), Baldur Dýrfjörð (BD)

### Dagskrá:

#### 1. Upprifjun frá síðustu fundum - yfirferð og samþykkt fundargerða eftir því sem við á

85. fundargerð samþykkt.

#### 2. Hugmyndir um starfið á haustmisseri

HÓA segir að það sé orðið staðfest að Rainer komi sem gestafyrirlesari. Kemur 7.október og verður í 3 vikur. Rætt um að koma á fræðsluerindi sem hann gæti komið á. Það gæti verið með Fumís. Vorum búin að ræða að við gætum farið yfir uppsprettur mengunarefna víðar á landinu, t.d. vegna umsvifa hersins á Reykjanesi sbr. tillögur Baldurs á aðalfundinum. SGS heyrir í Erlu hjá Fumís með fund með þeim í næstu eða þarnæstu viku. Í kjölfarið ákveðum við fundartíma fyrir fræðslufund.

#### 3. Önnur mál

HÓA vekur athygli á því að Kaupfélag Skagfirðinga sé búíð að opna etanól verksmiðju á Sauðárkróki.

Stutt umræða um mögulega norðurferð. Heimsækja hugsanlega orkugarðinn í Eyjafirði (Hörgársveit).

Rætt um mögulega afmælisferð norður í land á næstu önn. Rætt um að hugsanlega væri hægt að sameina fræðsluferðadag við samorkuþing sem haldið verður í Hofi á Akureyri dagana 22. – 23. maí 2025.

Fundi var slitið klukkan 11:45. Fundarritari: Sigrún Tómasdóttir, sigrunto@orkuveitan.is